

Samherji hf.

**Ársreikningur
samstæðunnar**

2005

Samherji hf.
Glerárgötu 30
600 Akureyri

kt. 610297-3079

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra	2	Efnahagsreikningur	5
Áritun endurskoðenda	3	Yfirlit um sjóðstreymi	7
Rekstrarreikningur	4	Skýringar	8

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

Félagið er alhliða sjávarútvegsfyrirtæki og á samstæðan 13 fiskiskip og rekur landvinnslu á Akureyri, í Dalvíkurbyggð, í Grindavík og í Cuxhaven. Ársreikningur Samherja hf. hefur að geyma samstæðureikning félagsins og dótturfélaga þess sem voru tíu í árslok og ársreikning móðurfélagsins. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Rekstrartekjur samstæðunnar námu 21.291 millj. kr. á árinu samkvæmt rekstrarreikningi og námu rekstrartekjur móðurfélagsins 17.543 millj. kr. Hagnaður varð á rekstri samstæðunnar á árinu 2005 að fjárhæð 3.104 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eignir samstæðunnar námu 28.762 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi og námu eignir móðurfélagsins 24.110 millj. kr. Eigið fé nam 7.094 millj. kr. í árslok samkvæmt efnahagsreikningi að meðtöldu hlutafé að fjárhæð 871 millj. kr. Eiginfjárlutfall samstæðunnar í árslok var 24,7% en 29,4% hjá móðurfélaginu. Í ársreikningnum eru veittar upplýsingar um mat á helstu eignum félagsins.

Í lok mars árið 2005 gerðu nokkrir af stærstu hluthöfum í Samherja hf., sem þá áttu 55,5% hlutfjár í félaginu, með sér samkomulag um stjórnun og rekstur félagsins. Í framhaldi af því gerðu þessir aðilar öðrum hluthöfum í félaginu yfirtökutilboð á genginu 12,1 og gildi tilboðið til 5. júlí 2005. Í framhaldi af yfirtökutilboðinu óskaði stjórn félagsins eftir því að hlutabréf í félaginu yrðu afskráð úr Kauphöll Íslands og fór afskráningin fram þann 28. júlí 2005.

Heildarhlutafé samkvæmt samþykktum félagsins nam 1.660,0 millj. kr. í árslok 2005. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu. Á árinu eignaðist Fjárfestingafélagið Fylkir ehf. 50,76% eignarhlut í Samherja hf. Stjórnir félaganna hafa samþykkt samrunaáætlun Samherja hf. og Fjárfestingafélagsins Fylkis ehf. undir nafni Samherja hf. og miðast samruninn við 30. september 2005. Ársreikningur félagsins tekur til sameinaðs félags frá og með 1. október 2005. Við samrunann eignast Samherja hf. eigin hluti að nafnverði 842,6 millj. kr. en hluthafar í Fjárfestingafélaginu Fylki ehf. fá í sinn hlut hlutabréf í Samherja hf. að nafnverði 54,1 millj. kr. á genginu 13,32. Stjórn félagsins mun í framhaldi af samrunanum hlutast til um að hlutafé í félaginu verði lækkað sbr. ákvæði VIII. kafla hlutafélagalaga nr. 2/1995 og mun slík tillaga verða lögð fram á hluthafafundi þar sem tillaga um staðfestingu samrunans verður lögð fram. Hlutafé í árslok skiptist á 9 hluthafa, en þeir voru 1.569 í ársbyrjun og fækkaði því um 1.560 á árinu. Þrír hluthafar áttu 10,0% hlut í félaginu eða meira í árslok, Kristján Vilhelmsson 32,7%, Þorsteinn Már Baldvinsson 31,9% og Bliki ehf. sem átti 11,0%.

Stjórn félagsins leggur til að greiddur verði 50% arður til hluthafa á árinu 2006 vegna rekstrarársins 2005, en vísar að öðru leyti til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Stjórn og forstjóri Samherja hf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2005 með undirritun sinni.

Akureyri 31. mars 2006.

Í stjórn félagsins:

Eiríkur S. Jóhannsson

Óskar Magnússon

Jón Sigurðsson

Jóhannes Geir Sigurgeirsson

Kristján Vilhelmsson

Forstjóri:

Þorsteinn Már Baldvinsson

Áritun endurskoðenda

Stjórn og hluthafar í Samherja hf.

Við höfum endurskoðað ársreikning Samherja hf. fyrir árið 2005. Ársreikningurinn hefur að geyma samstæðureikning og ársreikning móðurfélagsins. Hann greinist í skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar nr. 1 - 44. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé í meginatriðum án anmarka. Endurskoðunin felur meðal annars í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningskilaaðferðum og matsreglum sem ársreikningurinn byggist á og á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2005, efnahag þess 31. desember 2005 og breytingu á handbæru fé á árinu 2005, í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju.

Akureyri 31. mars 2006.

Arnar Árnason

KPMG Endurskoðun Akureyri hf.

Rekstrarreikningur ársins 2005

	Skýr.	Samstæða		Móðurfélag	
		2005	2004	2005	2004
Rekstrartekjur:					
Tekjur landvinnslu	5	6.123.333	6.583.097	4.698.220	5.642.294
Tekjur útgerðar	5	8.889.133	7.132.537	6.028.190	5.365.127
Innlagður eigin afli	5	(1.141.496)	(1.151.648)	(863.583)	(1.151.648)
Vörusala		5.513.977	4.062.390	5.848.532	5.044.427
Aðrar tekjur		170.456	133.617	108.102	71.805
Hagnaður af sölu eigna		1.735.176	0	1.723.550	0
		<u>21.290.579</u>	<u>16.759.993</u>	<u>17.543.011</u>	<u>14.972.005</u>
Rekstrargjöld:					
Framleiðslukostnaður		5.710.469	6.235.135	4.053.757	4.806.395
Innlagður eigin afli	5	(1.141.496)	(1.151.648)	(863.583)	(1.151.648)
Útgerðarkostnaður		6.960.564	5.068.479	4.941.241	3.916.452
Kostnaðarverð seldra vara		5.347.871	3.902.065	5.802.243	4.943.478
Sameiginlegur kostnaður		492.537	412.700	208.177	243.970
		<u>17.369.945</u>	<u>14.493.654</u>	<u>14.141.835</u>	<u>12.759.990</u>
Hagnaður án afskrifta og fjármagnskostnaðar		3.920.634	2.266.339	3.401.176	2.212.015
Afskriftir	20	(1.459.210)	(1.255.893)	(824.385)	(816.962)
Sérstök niðurfærsla fastafjármuna		0	(123.862)	0	(123.862)
Rekstrarhagnaður án fjármunatekna og fjármagnsgjalda		2.461.424	886.584	2.576.791	1.271.191
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):					
Vaxtatekjur og arður		240.120	8.258	217.882	3.579
Hagnaður af sölu eignarhluta og niðurfærsla		1.501.307	1.220.611	1.518.879	1.277.343
Vaxtagjöld og verðbætur		(840.892)	(551.651)	(655.729)	(424.405)
Gengismunur		326.911	462.344	263.248	338.399
		<u>1.227.446</u>	<u>1.139.562</u>	<u>1.344.280</u>	<u>1.194.916</u>
Áhrif dótturfélaga	26	0	0	(240.428)	(308.012)
Áhrif hlutdeildarfélaga	27	194.813	1.211.871	147.780	1.102.158
Hagnaður fyrir tekjuskatt		3.883.683	3.238.017	3.828.423	3.260.253
Tekjuskattur	12,35	(838.442)	(408.745)	(724.630)	(345.848)
Hagnaður án hlutdeildar minnihluta		3.045.241	2.829.272	3.103.793	2.914.405
Hlutdeild minnihluta		58.552	85.133		
Hagnaður ársins	33	<u>3.103.793</u>	<u>2.914.405</u>	<u>3.103.793</u>	<u>2.914.405</u>
Hagnaðarhlutur:					
Hagnaður á hverja krónu hlutfjár	6	2,12	1,81	2,12	1,81

Efnahagsreikningur

	Eignir				
	Skýr.	Samstæða		Móðurfélag	
		2005	2004	2005	2004
Fastafjármunir:					
Óefnislegar eignir:					
Aflaheimildir	8.381.025	4.604.118	5.643.647	1.446.046	
Aðrar óefnislegar eignir	109.614	173.628	0	0	
	<u>7,17</u>	<u>8.490.639</u>	<u>4.777.746</u>	<u>5.643.647</u>	<u>1.446.046</u>
Varanlegir rekstrarfjármunir:					
Fasteignir	887.288	951.388	696.952	746.065	
Fiskiskip	5.476.424	5.320.937	3.795.348	4.167.960	
Vélar, áhöld og tæki	1.122.486	1.514.536	633.620	1.013.301	
	<u>8,19</u>	<u>7.486.198</u>	<u>7.786.861</u>	<u>5.125.920</u>	<u>5.927.326</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:					
Eignarhlutir í dótturfélögum	26	0	2.673.287	2.821.101	
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum	27	4.083.473	3.164.000	2.608.566	
Eignarhlutir í öðrum félögum	28	407.053	4.010.551	20.527	3.932.217
Lán til hlutdeildarfélaga	29	32.365	29.604	41.329	29.604
Aðrar langtímakröfur		37.949	5.621	3.419	5.621
		<u>4.560.840</u>	<u>7.209.776</u>	<u>6.220.772</u>	<u>9.397.109</u>
Birgðir til langs tíma:					
Birgðir af eldisfiski og seiðum	11,30	108.826	321.194		
		<u>20.646.503</u>	<u>20.095.577</u>	<u>16.990.339</u>	<u>16.770.481</u>
Fastafjármunir					
Veltufjármunir:					
Birgðir	11,30	3.545.086	2.915.084	2.339.245	1.617.745
Skammtímakröfur:					
Viðskiptakröfur		2.919.962	2.895.661	1.606.024	1.929.375
Kröfur á dóttur- og hlutdeildarfélög		656.412	81.908	2.590.301	2.101.871
Aðrar skammtímakröfur		603.525	416.745	438.416	322.195
Fyrirframgreiddur kostnaður		59.102	67.710	26.774	40.453
Handbært fé		257.135	375.347	119.042	151.098
		<u>8.041.222</u>	<u>6.752.455</u>	<u>7.119.802</u>	<u>6.162.737</u>
Veltufjármunir					
Eignir samtals		<u>28.687.725</u>	<u>26.848.032</u>	<u>24.110.141</u>	<u>22.933.218</u>

31. desember 2005

Eigið fé og skuldir

	Skýr.	Samstæða		Móðurfélag	
		2005	2004	2005	2004
Eigið fé:					
Hlutafé	32	871.491	1.660.000	871.491	1.660.000
Yfirverðsreikningur innborgaðs hlutafjár		1.180.040	1.043.178	1.180.040	1.043.178
Lögbundinn varasjóður		86.912	176.503	86.912	176.503
Óráðstafað eigið fé		4.955.875	8.677.752	4.955.875	8.677.752
Eigið fé	33	<u>7.094.318</u>	<u>11.557.433</u>	<u>7.094.318</u>	<u>11.557.433</u>
Hlutdeild minnihluta í eigin fé dótturfélaga		<u>360.697</u>	<u>285.705</u>		
Skuldbindingar:					
Lífeyrisskuldbinding	34	148.511	130.519		
Tekjuskattskuldbinding	12,35	2.315.388	923.442	2.270.200	919.539
		<u>2.463.899</u>	<u>1.053.961</u>	<u>2.270.200</u>	<u>919.539</u>
Langtímaskuldir:					
Skuldabréfalan		704.141	1.254.241	704.141	1.254.241
Skuldir við lánastofnanir		6.707.817	6.663.541	4.916.477	4.821.522
	36	<u>7.411.958</u>	<u>7.917.782</u>	<u>5.620.618</u>	<u>6.075.763</u>
Skammtímaskuldir:					
Skuldir við lánastofnanir		7.195.505	1.875.561	6.224.257	1.437.365
Viðskiptaskuldir		1.526.998	1.561.516	767.081	988.159
Skuldir við dóttur- og hlutdeildarfélag		270.376	330.615	474.218	147.748
Næsta árs afborganir af langtímaskuldum	37	1.161.871	1.304.647	776.813	1.047.096
Skattar ársins		188.674	288.409	80.643	255.995
Aðrar skammtímaskuldir		1.013.429	672.403	801.993	504.120
		<u>11.356.853</u>	<u>6.033.151</u>	<u>9.125.005</u>	<u>4.380.483</u>
Skuldir og skuldbindingar samtals		<u>21.232.710</u>	<u>15.004.894</u>	<u>17.015.823</u>	<u>11.375.785</u>
Eigið fé, hlutdeild minnihluta og skuldir samtals		<u>28.687.725</u>	<u>26.848.032</u>	<u>24.110.141</u>	<u>22.933.218</u>

Veðsetningar og ábyrgðarskuldbindingar 21,22

Yfirlit um sjóðstreymi árið 2005

	Skýr.	Samstæða		Móðurfélag	
		2005	2004	2005	2004
Rekstrarhreyfingar:					
Hagnaður ársins	33	3.103.793	2.914.405	3.103.793	2.914.405
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:					
Hagnaður af sölu eigna og niðurfærsla eignarhluta		(3.236.483)	(1.193.687)	(3.242.429)	(1.276.000)
Afskriftir	20	1.459.210	1.379.755	824.385	940.824
Verðbætur og gengismunur langtímaskulda og -krafna ...		(260.056)	(464.866)	(232.605)	(432.379)
Áhrif dóttur- og hlutdeildarfélaganna	27	(194.813)	(1.211.871)	92.648	(794.146)
Aðrir liðir		544.480	48.119	576.021	111.616
		<u>1.416.131</u>	<u>1.471.855</u>	<u>1.121.813</u>	<u>1.464.320</u>
Veltufé frá rekstri		1.416.131	1.471.855	1.121.813	1.464.320
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum		(403.312)	983.012	(782.008)	715.844
		<u>1.012.819</u>	<u>2.454.867</u>	<u>339.805</u>	<u>2.180.164</u>
Handbært fé frá rekstri		1.012.819	2.454.867	339.805	2.180.164
Fjárfestingarhreyfingar:					
Fjárfesting í óefnislegum eignum	17	(692.985)	0	(376.664)	0
Söluverð óefnislegra eigna		1.414.182	0	1.408.841	
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	19	(1.321.352)	(787.181)	(489.818)	(628.068)
Söluverð seldra rekstrarfjármuna		1.283.809	72.003	1.264.170	2.959
Fjárfesting í dóttur- og hlutdeildarfélagum					
(að frádregnu handbæru fé við yfirtöku)		(848.022)	(2.164.743)	(1.002.412)	(1.791.006)
Söluverð eignarhluta í hlutdeildarfélagum		0	4.867.339	0	4.867.339
Fjárfesting í eignarhlutum í öðrum félögum		(1.216.352)	(3.921.736)	(1.183.606)	(3.919.890)
Söluverð eignarhluta í öðrum félögum		6.738.282	0	6.738.282	0
Langtímakröfur, (hækkun) lækkun		(71.161)	89.773	(14.412)	89.773
Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun		(995.469)	128.178	(468.477)	(97.136)
		<u>4.290.932</u>	<u>(1.716.367)</u>	<u>5.875.904</u>	<u>(1.476.029)</u>
Fjárfestingarhreyfingar		4.290.932	(1.716.367)	5.875.904	(1.476.029)
Fjármögnunarhreyfingar:					
Eigin hlutabréf, breyting		0	195.245	0	195.245
Arður til hluthafa	33	(498.000)	(397.475)	(498.000)	(397.475)
Breyting á hlutdeild minnihlutaeigenda		17.778	0	0	0
Tekin ný langtímalán		2.179.116	1.512.924	1.490.706	1.031.774
Afborganir langtímalána		(2.298.601)	(1.885.763)	(1.979.138)	(1.526.215)
Skammtímalán, (lækkun) hækkun		(4.818.861)	147.830	(5.261.333)	89.770
		<u>(5.418.568)</u>	<u>(427.239)</u>	<u>(6.247.765)</u>	<u>(606.901)</u>
Fjármögnunarhreyfingar		(5.418.568)	(427.239)	(6.247.765)	(606.901)
(Lækkun) hækkun á handbæru fé		(114.817)	311.261	(32.056)	97.234
Gengismunur á handbæru fé erlendra dótturfélaga		(12.455)	(17.951)	0	0
Handbært fé í ársbyrjun		384.407	82.037	151.098	53.864
Handbært fé í árslok		257.135	375.347	119.042	151.098

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

1. Ársreikningur Samherja hf. hefur að geyma samstæðureikning félagsins og dótturfélaga þess. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og ársreikningur félagsins árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í þúsundum króna.

Dótturfélög eru þau félög þar sem félagið fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar félagið hefur veruleg áhrif, bein eða óbein, til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu dótturfélags. Ársreikningar dótturfélaganna eru innifaldir í samstæðureikningi félagsins frá því að yfirráð hefjast og þar til þeim lýkur.

Stöður milli samstæðufélaga, viðskipti og óinnleystur hagnaður sem myndast hefur af viðskiptum milli þeirra eru felld út í samstæðureikningnum.

Hlutdeildarfélag eru þau félög þar sem samstæðan hefur veruleg áhrif á fjárhags- og rekstrarstefnu, en ekki yfirráð. Samstæðureikningurinn inniheldur hlutdeild samstæðunnar í afkomu hlutdeildarféлага frá upphafi áhrifa til loka þeirra. Verði hlutdeild samstæðunnar í tapi hærrí en bókfært verð hlutdeildarfélagsins er bókfærða verðið fært í núll og færslu frekara taps er hætt nema félagið hafi gengist í ábyrgðir fyrir hlutdeildarfélagið eða fjármagnað það.

Erlendir gjaldmiðlar

2. Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í árslok 2005. Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

Ársreikningar erlendra dótturfélaga

3. Starfsemi samstæðunnar erlendis er talin aðskiljanlegur hluti frá starfsemi móðurfélagsins. Í samræmi við það eru eignir og skuldir erlendra dótturfélaga umreiknaðar í íslenskar krónur miðað við gengi í árslok. Tekjur og gjöld erlendu dótturfélaganna eru umreiknaðar í íslenskar krónur miðað við meðalgengi ársins. Gengismunur sem myndast við yfirfærslu í íslenskar krónur er færður meðal eigin fjár. Hlutdeild móðurfélagsins í endurmatsbreytingum og rekstrarárangri erlendra hlutdeildarféлага er færð með sambærilegum hætti.

Afleiðusamningar

4. Afleiðusamningar eru notaðir til að verjast gengisáhættu peningalegra eigna og skulda. Afkoma af áhættuvörninni er færð í rekstrarreikning.

Afleiðusamningar sem notaðir eru til að verja framtíðarviðskipti eru færðir í reikningsskil félagsins á sama tíma og viðskiptin sem varin eru.

Innlausn tekna

5. Í þeim tilvikum þar sem skip félagsins afla hráefnis til eigin vinnslu er aflaverðmætið tekjufært við löndun afla og gjaldfært sem framleiðslukostnaður. Aflaverðmæti frystitogara er tekjufært á áætluðu meðalframleiðslukostnaðarverði. Framleiðsla landvinnslu er tekjufærð miðað við meðalframleiðslukostnaðarverð. Við endanlega sölu eru tekjur leiðréttar til samræmis við endanlegt skilaverð.

Hagnaðarhlutur

6. Hagnaðarhlutur er hlutfall hagnaðar og vegins meðaltals hlutafjár á árinu og sýnir hver hagnaðurinn er á hverja krónu hlutafjár. Hagnaður ársins nemur 3.103,8 millj. kr. og vegið meðaltal nafnverðs hlutafjár var 1.461,3 millj. kr.

Skýringar frh.:

Óefnislegar eignir

7. Keyptar varanlegar aflaheimildir auk yfirverðs vegna fjárfestinga í eignarhlutum í dótturfélögum, sem tengist fjárfestingum í fyrrgreindum eignum, eru færðar undir liðinn óefnislegar eignir. Aflaheimildir eru færðar til gjalda á sautján árum en yfirverð vegna dótturfélaga, sem einkum er tilkomið vegna aflaheimilda og veiðileyfa, er fært til gjalda á tuttugu árum. Aflaheimildir dótturfélaga í fiskveiðilögsögu erlendis eru færðar til eignar meðal óefnislegra eigna. Við gerð samstæðureiknings eru þessar aflaheimildir afskrifaðar með sambærilegum hætti og hjá móðurfélaginu. Viðskiptavild vegna fjárfestinga í öðrum dótturfélögum auk stofnkostnaðar þeirra, er færð undir liðinn aðrar óefnislegar eignir og eru þær gjaldfærðar á fimm árum.

Varanlegir rekstrarfjármunir

8. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundradshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Fasteignir	25 ár
Fiskiskip	17 ár
Vélar, áhöld og tæki	3 - 8 ár

Dótturfélög

9. Eignarhlutir í dótturfélögum eru eignfærðir á verði sem svarar til hlutdeildar félagsins í bókfærðu eigin fé þeirra, að teknu tilliti til mismunar á upphaflegu kaupverði og hlutdeildar í eigin fé þeirra við kaup. Sá hluti yfirverðs sem tengist aflaheimildum er í samstæðureikningnum færður til hækkunar á þeim og afskrifaður með sambærilegum hætti. Annað yfirverð er fært sem aðrar óefnislegar eignir og eru þær gjaldfærðar á fimm árum.

Hlutdeildarfélög

10. Eignarhlutir samstæðunnar í hlutdeildarfélögum eru færðir til eignar á verði sem svarar til hlutdeildar félagsins í bókfærðu eigin fé þeirra að teknu tilliti til upphaflegs kaupverðs og er yfirverðið gjaldfært á fimm til sautján árum.

Birgðir

11. Birgðir sjávarafurða eru metnar til eignar á meðalframleiðslukostnaðarverði, sem samanstendur af beinum og óbeinum framleiðslukostnaði. Birgðir af eldisfiski og seiðum eru metnar á meðalframleiðslukostnaðarverði eða áætluðu dagverði að frádregnum sölukostnaði, hvoru sem lægra reynist. Eldisfiskur og seiði, sem ekki er áætlað að selja innan tólf mánaða, eru færð undir liðinn birgðir meðal fastafjármuna í efnahagsreikningi en eldisfiskur og seiði, sem áætlað er að selja á næstu tólf mánuðum, eru færð meðal veltufjármuna. Rekstrarvörubirgðir eru metnar á síðasta innkaupsverði. Veiðarfæri sem komin eru í notkun, eru metin á helmingi kaupverðs. Birgðabreyting fullunninna afurða er færð meðal rekstrartekna en birgðabreyting eldisfiskjar, seiða og rekstrarvara er færð meðal rekstrargjalda. Áhætta í mati á lífmassa er eðlislæg í fiskeldisiðnaðinum.

Tekjuskattsskuldbinding

12. Tekjuskattsskuldbinding félagsins er reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningur hennar byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi félagsins hins vegar. Mismunur efnahagsliða, sem þannig kemur fram, stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil félagsins og er þar í meginatriðum um að ræða tímamismun vegna þess að gjöld, einkum afskriftir, eru að jafnaði færð fyrir í skattuppgjöri en í ársreikningi.

Alþjóðleg reikningsskil

13. Þar sem að hlutabréf félagsins hafa verið afskráð úr Kauphöll Íslands hf., hafa stjórnendur félagsins ákveðið að fresta upptöku alþjóðlegra reikningsskilastaðla. Fyrirhugað er að skuldabréf félagsins verði áfram skráð í Kauphöll Íslands hf. og því mun félagið engu að síður breyta reikningsskilum sínum til samræmis við alþjóðlega reikningsskilastaðla innan þess tíma sem tilskilinn er vegna skráningar skuldabréfanna.

Skýringar, frh.:

Árshelmingayfirlit

14. Rekstur samstæðunnar greinist þannig á árshelminga:

	Fyrri árs- helmingur 2005	Seinni árs- helmingur 2005	Samtals 2005
Rekstrartekjur	11.627.026	9.663.553	21.290.579
Rekstrargjöld án afskrifta	(9.648.178)	(7.721.767)	(17.369.945)
Rekstrarhagnaður án afskrifta (EBITDA)	1.978.848	1.941.786	3.920.634
Afskriftir	(674.098)	(785.112)	(1.459.210)
Rekstrarhagnaður (EBIT)	1.304.750	1.156.674	2.461.424
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(244.565)	1.472.011	1.227.446
Áhrif hlutdeildarféлага	312.296	(117.483)	194.813
Tekjuskattur	(317.183)	(521.259)	(838.442)
Hlutdeild minnihluta í afkomu dótturfélaga	10.093	48.459	58.552
Hagnaður	1.065.391	2.038.402	3.103.793

Breytingar á samstæðunni

15. Stjórnir Samherja hf. og Fjárfestingafélagsins Fylkis ehf. hafa samþykkt samrunaáætlun sem miðast við að félögin sameinist undir nafni Samherja hf. frá og með 30. september 2005. Ársreikningur félagsins tekur til sameinaðs félags frá og með 1. október 2005. Við samrunann eignast Samherji hf. eigin hluti að nafnverði 842,6 millj. kr. en hluthafar í Fjárfestingafélaginu Fylki ehf. fá sem gagngjald hlutabréf í Samherja hf. að nafnverði 54,1 millj. kr. á genginu 13,32.

Samruni félaganna hefur eftirfarandi áhrif á eignir og skuldir samstæðunnar:

Eignarhlutir í öðrum félögum	124.106
Veltufjármunir	1.095
Lækkun á eigin fé	7.605.427
Skuldbindingar	(774.641)
Skammtímaskuldir	(10.539.091)
Hrein eign	(3.583.104)
Viðskiptavild færð upp við kaup	4.303.559
Kostnaðarverð eignarhluta	720.455
Greitt með eigin hlutabréfum	(720.455)
Breyting handbærs fjár	0

Laun og launatengd gjöld

16. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	Samstæða	Móðurfélag
Laun	4.009.557	3.022.146
Launatengd gjöld	591.484	493.563
Laun og launatengd gjöld samtals	4.601.041	3.515.709
Meðalfjöldi starfsmanna á árinu umreiknaður í heilsársstörf	790	568

Laun og hlunnindi forstjóra, stjórnar og átta framkvæmdastjóra sem starfa fyrir félög í samstæðunni námu 96,9 millj. kr. á árinu. Þar af námu laun og hlunnindi forstjóra félagsins 17,5 millj. kr.

Skýringar, frh.:

Óefnislegar eignir

17. Félagið seldi á árinu varanlegar aflaheimildir og nam hagnaður af sölunni 1.175,4 millj. kr. Óefnislegar eignir í árslok greinast þannig:

Samstæða:	Aflaheimildir	Aðrar óefnislegar eignir	Samtals
Bókfært verð 1.1.2005	4.604.118	173.628	4.777.746
Yfirtekið við samruna	4.303.559	0	4.303.559
Yfirtekið frá dótturfélögum	(170.905)	0	(170.905)
Viðbót á árinu	581.289	111.696	692.985
Gengismunur á árinu	(219.486)	(2.977)	(222.463)
Selt á árinu	(233.489)	(7.236)	(240.725)
Gjaldfært á árinu	(484.061)	(165.497)	(649.558)
Bókfært verð 31.12.2005	8.381.025	109.614	8.490.639
Móðurfélag:	Aflaheimildir	Aðrar óefnislegar eignir	Samtals
Bókfært verð 1.1.2005	1.446.046	0	1.446.046
Yfirtekið við samruna	4.303.559	0	4.303.559
Viðbót á árinu	376.664	0	376.664
Selt á árinu	(233.489)	0	(233.489)
Gjaldfært á árinu	(249.133)	0	(249.133)
Bókfært verð 31.12.2005	5.643.647	0	5.643.647

18. Aflaheimildir til ráðstöfunar og kvótastaða fiskveiðiárið 2005-2006 greinast þannig í tonnum eftir tegundum:

	Aflaheimildir til ráðstöfunar	Eftirstöðvar 31.12.2005
Þorskur	11.206	5.138
Ýsa	4.857	2.397
Ufsi	3.644	2.761
Karfi	4.926	4.582
Steinbítur	124	261
Grálúða	1.847	2.399
Koli	214	131
Úthafsækja	1.582	1.565
Síld	15.859	1.422
Loðna	15.710	13.318
Samtals	59.969	33.974
Aflaheimildir í þorskígildum	27.173	17.874

Útreikningur á þorskígildum miðast við margfeldisstuðla sem gefnir eru út af sjávarútvegsráðuneytinu.

Til viðbótar framangreindum aflaheimildum hefur félagið rétt til úthafsveiða á eftirtöldum svæðum:

Rækja, Flæmingjagrunni	532
Síld, norsk-íslenski síldarstofninn	16.030
Kolmunni	24.808
Úthafskarfi, Reykjanes hrygg	4.216
Þorskur, Barentshaf við Noreg	444
Þorskur, Barentshaf við Rússland	271
Samtals	46.301

Skýringar, frh.:

18. Frh.

Áætlaðar nýtanlegar aflaheimildir erlendra dótturfélaga á árinu 2006 greinast þannig:

Porskur	9.268
Ýsa	1.123
Ufsi	1.528
Karfi	4.795
Úthafskarfi	915
Grálúða	3.455
Ufsi í Norðursjó	2.571
Makríll	1.502
Síld	1.075
Samtals	26.232

Ofantaldar heimildir eru við Noreg, Svalbarða og hluti karfans er við Ísland. Erlend dótturfélög hafa að auki heimild til bolfiskveiða í Norðursjó og fá einnig úthlutað sóknardögum til rækjuveiða við Svalbarða og á Flæmingjagrunni. Úthlutun veiðiheimilda í úthafskarfa hefur ekki farið fram fyrir árið 2006 og miðast því uppgefið magn við úthlutun ársins 2005. Úthlutaðar aflaheimildir í loðnu taka mið af upphaflegri úthlutun auk þeirra viðbótarúthlutana sem veittar hafa verið í upphafi ársins 2006. Aflaheimildir J. Marr Seafood Ltd. sem keypt var í ársbyrjun 2006 eru ekki inni í ofangreindum tölum.

Varanlegir rekstrarfjármunir

19. Félagið seldi á árinu fiskimjölsverksmiðju sína í Grindavík en verksmiðjan skemmdist í bruna í febrúar. Auk þess seldi félagið á árinu fiskiskipin Margréti EA, Oddeyrina EA, Háberg GK, fasteign á Stöðvarfirði og ýmsan annan búnað. Hagnaður af sölu framangreindra eigna nam 559,8 millj. kr. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir sem reiknaðar eru sem fastur árlegur hundraðshluti, greinast þannig:

	Fasteignir	Fiskiskip	Vélar, áhöld og tæki	Samtals
Samstæða:				
Heildarverð 1.1.2005	1.923.627	9.404.333	4.106.503	15.434.463
Afskriftir samtals 1.1.2005	(972.239)	(4.083.396)	(2.591.967)	(7.647.602)
Bókfært verð 1.1.2005	951.388	5.320.937	1.514.536	7.786.861
Yfirtekið frá dótturfélögum	0	0	42.840	42.840
Gengismunur á árinu	0	(127.896)	(5.216)	(133.112)
Viðbót á árinu	128.521	1.012.433	180.398	1.321.352
Selt á árinu	(132.330)	(271.522)	(318.239)	(722.091)
Afskrifað á árinu	(60.291)	(457.528)	(291.833)	(809.652)
Bókfært verð 31.12.2005	887.288	5.476.424	1.122.486	7.486.198
Afskriftahlutföll	4%	6-33%	12-33%	
Móðurfélag:				
Heildarverð 1.1.2005	1.529.458	7.435.776	3.134.067	12.099.301
Afskriftir samtals 1.1.2005	(783.393)	(3.267.816)	(2.120.766)	(6.171.975)
Bókfært verð 1.1.2005	746.065	4.167.960	1.013.301	5.927.326
Viðbót á árinu	125.243	226.477	138.099	489.818
Selt á árinu	(129.889)	(271.522)	(314.562)	(715.973)
Afskrifað á árinu	(44.467)	(327.567)	(203.218)	(575.252)
Bókfært verð 31.12.2005	696.952	3.795.348	633.620	5.125.920
Afskriftahlutföll	4%	6-33%	12-33%	

Skýringar, frh.:

20. Afskriftir samkvæmt rekstrarreikningi samstæðunnar / móðurfélagsins nema 1.459,2 / 824,4 millj. kr. og greinast þannig:

	Samstæða	Móðurfélag
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna, sbr. skýringu 19	809.652	575.252
Afskriftir aflaheimilda og annarra óefnislegra eigna sbr. skýringu 17	649.558	249.133
Afskriftir samkvæmt rekstrarreikningi	1.459.210	824.385

Veðsetningar

21. Eftirtaldar eignir samstæðunnar / móðurfélagsins, sem bókfærðar eru á 7.486,2 / 5.125,9 millj. kr. eru veðsettar til tryggingar langtímaskuldum, sem námu 3.117,0 / 1.635,2 millj. kr. á sama tíma.

	Bókfært verð	Eftirstöðvar veðlána	Trygginga- bréf
Samstæða:			
Fiskiskip	5.476.423	2.800.397	3.095.270
Fasteignir og vélar	2.009.775	316.608	170.767
Samtals	7.486.198	3.117.005	3.266.037
Móðurfélag:			
Fiskiskip	3.795.348	1.524.095	3.095.270
Fasteignir og vélar	1.330.572	111.115	170.767
Samtals	5.125.920	1.635.210	3.266.037

22. Auk ofangreinds er móðurfélagið í ábyrgðum vegna skuldbindinga dóttur- og hlutdeildarféлага, sem námu 824,3 millj. kr. á sama tíma. Dótturfélagið Snæfugl ehf. hefur veðsett eignarhlut sinn í Síldarvinnslunni hf. til tryggingar á skuldum félagsins.

Fasteignamat og vátryggingaverð

23. Fasteignir félagsins í árslok greinast þannig:

	Fasteigna- mat	Brunabóta- mat	Bókfært verð
Móðurfélag:			
Fasteignir á Akureyri	244.268	925.550	261.952
Fasteignir í Dalvíkurbyggð	369.769	906.210	374.341
Fasteignir í Grindavík	233.749	519.526	33.714
Fasteignir í Öxarfirði	805	0	16.000
Fasteignir í Austurbyggð	94.417	327.090	10.945
Móðurfélag samtals	943.008	2.678.376	696.952
Dótturfélög:			
Fasteignir í Grindavík	217.203	301.520	40.467
Fasteignir að Núpum	77.504	214.975	60.800
Fasteignir í Öxarfirði	95.346	184.970	89.069
Dótturfélög samtals	390.053	701.465	190.336
Samstæða samtals	1.333.061	3.379.841	887.288

Skýringar, frh.:

24. Á árinu seldi félagið skuttogarann Margréti EA 710 og nótaskipið Oddeyrina EA 210 auk þess sem fjölveiðiskipið Háberg GK 299 var selt til dótturfélags í Póllandi. Á árinu keypti dótturfélag CR Cuxhavener Reederei GmbH fjölveiðiskipið Polonus. Í árslok 2005 átti samstæðan 13 skip og nam bókfært verð þeirra 5.476,4 millj. kr. Bókfært verð skipa og váttryggingarverðmæti þeirra greinast þannig í árslok:

	Váttryggingar- verð	Bókfært verð
Móðurfélag:		
Akureyrin EA 110	278.206	177.490
Baldvin Þorsteinsson EA 10	1.500.000	1.493.824
Björgúlfur EA 312	128.311	162.900
Björgvin EA 311	330.233	299.136
Vilhelm Þorsteinsson EA 11	1.657.882	1.564.716
Víðir EA 910	314.057	97.282
Móðurfélag samtals	4.208.689	3.795.348
Dótturfélög:		
Onward Fishing Company Ltd. og tengd félög, tvö skip	702.180	332.198
CR Cuxhavener Reederei GmbH og dótturfélög, fimm fiskiskip	2.615.280	1.348.878
Dótturfélög samtals	3.317.460	1.681.076
Samstæða samtals	7.526.149	5.476.424

25. Váttryggingarverð véla, áhalda og tækja samstæðunnar / móðurfélagsins nam 2.382,2 / 1.910,7 millj. kr. í árslok.

Áhættufjármunir

Eignarhlutir í dótturfélögum

26. Dótturfélög Samherja hf. voru tíu í árslok 2005 en á árinu keypti Samherji hf. 19,8% hlut í Silfurstjórnunni hf. en Oddeyri ehf. átti fyrir 71,0% hlut í því félagi. Þá keypti Samherji hf. í árslok 10,0% eignarhlut í Atlantex sp. z.o.o í Póllandi en fyrir átti dótturfélagið CR Cuxhavener Reederei GmbH 51,0% hlut í því félagi. Þar sem kaupin á eignarhlutum í Atlantex áttu sér stað í lok ársins er ekki færð hlutdeild í afkomu ársins vegna þessa beina eignarhlutar. Dótturfélagið Icefresh GmbH í Þýskalandi er nú fært á meðal dótturfélaga en var áður fært á meðal hlutdeildarfélagi. Í lok árs var Framherja Sp/f breytt í fjárfestingafélag undir nafninu Sp/f Framinvest og er eignarhlutur Samherja hf. í félaginu 73,3%. Efnahagsreikningur Sp/f FramInvest ásamt dótturfélagi þess, North Salmon, er hluti af efnahagsreikningi samstæðunnar í árslok.

Eignarhlutir í dótturfélögum greinast þannig:

	Eignar- hluti	Bókfært verð	Fært í rekstrar- reikning
Atlantex sp. z.o.o., Póllandi	10,0%	27.000	0
CR Cuxhavener Reederei GmbH, Þýskalandi	100,0%	1.716.508	154.139
Fjárfestingafélagið Krossanes hf., Akureyri	100,0%	142.748	10.397
Sp/f FramInvest, Færeyjum	73,3%	164.497	0
Icefresh GmbH, Þýskalandi	85,0%	20.761	8.382
Onward Fishing Company Ltd., Bretlandi	100,0%	529.481	12.007
Seagold Ltd., Bretlandi	75,0%	106.132	22.707
Silfurstjarnan hf., Öxarfirði	19,8%	20.869	(24.131)
Snæfugl ehf., Fjarðabyggð	59,0%	328.649	26.148
		3.056.645	209.649
Oddeyri ehf., Akureyri	100,0%	(383.358)	(450.077)
Eignarhlutir í dótturfélögum samtals		2.673.287	(240.428)

Skýringar, frh.:

Eignarhlutir í hlutdeildarfélagum

27. Félagið keypti á árinu 10,6% hlut í Síldarvinnslunni hf. og nam kaupverðið 795,6 millj. kr. Eignarhlutur samstæðunnar í Síldarvinnslunni hf. nam í árslok 47,7% af heildarhlutafé félagsins. Þá keypti félagið 32,0% hlut í Eldum ehf. fyrir 298,8 millj. kr. Í árslok var nafni Sp/f EM Shipping í Færeyjum breytt í Framherji Sp/f og er félagið hlutdeildarfélag Sp/f FramInvest sem á 33,3% hlut í því.

Eignarhlutir samstæðunnar í hlutdeildarfélagum greinast þannig:

	Eignar- hluti	Bókfært verð	Fært í rekstrar- reikning
Eldar ehf., Reykjavík	32,0%	298.800	0
Hjalteyrin ehf., Árskógssandi	100,0%	502	0
Rif ehf., Hrísey	49,0%	62.540	1.301
Seley ehf., Neskaupstað	30,0%	33.614	2.303
Síldarvinnslan hf., Neskaupstað	34,8%	3.064.296	50.213
SR-mjöl hf., Reykjavík	20,0%	4.630	87
Sæból ehf., Grundarfirði	47,0%	17.828	328
Rekstraráhrif dótturfélags til yfirtökudags		0	93.548
Móðurfélag samtals		3.482.210	147.780
Í eigu dótturfélaga:			
Framherji Sp/f. (Sp/f EM Shipping), Færeyjum	33,3%	49.200	0
Síldarvinnslan hf., Neskaupstað	12,9%	552.063	62.629
Ulloriaq, Grænlandi	33,3%	(42.105)	(15.596)
Samstæða samtals		4.041.368	194.813

Eignarhlutir í öðrum félögum

28. Eignarhlutir samstæðunnar í öðrum félögum greinast þannig:

	Eignar- hluti	Bókfært verð
Í eigu móðurfélags		20.527
Í eigu dótturfélaga:		
Bliki ehf.	25,0%	260.364
Fiskeldi Eyjafjarðar hf.	16,8%	58.366
Eignarhlutir í öðrum félögum		67.796
Dótturfélög samtals		386.526
Samstæða samtals		407.053

Félagið seldi á árinu eignarhluti sína í Burðarási hf. og Íslandsbanka hf. og nam hagnaður af sölnunni og öðrum viðskiptum með hlutabréf 1.528,9 millj. kr. Eignarhlutir í öðrum félögum eru bókfærðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu.

Langtímakröfur

29. Yfirlit um lán til hlutdeildarféлага:

Lánin greinast þannig eftir gjaldmiðlum:	Samstæða	Móðurfélag
Kröfur í CAD	19.500	19.500
Kröfur í DKK	525.459	525.459
Kröfur í EUR	21.248	33.200
Kröfur í CHF	4.051	4.051
Næsta árs afborganir	(537.893)	(540.881)
Lán til hlutdeildarféлага í efnahagsreikningi samtals	32.365	41.329

Skýringar, frh.:

Birgðir

30. Birgðir í efnahagsreikningi greinast þannig:	Samstæða	Móðurfélag
Birgðir fullunninna afurða	2.119.849	1.856.090
Birgðir af eldisfiski og seiðum	783.658	0
Rekstrarvörubirgðir	641.579	483.155
Birgðir færðar meðal veltufjármuna	3.545.086	2.339.245
Birgðir af eldisfiski og seiðum færðar meðal fastafjármuna	108.826	0
Birgðir samtals	3.653.912	2.339.245

31. Vátryggingarverð afla og veiðarfæra félagsins nam 748,0 millj. kr. í árslok 2005. Afurðir og hráefni í landi eru að auki vátryggð fyrir 3.748,0 millj. kr. í árslok. Þá nam vátryggingarverð eldisfisks og seiða 1.052,6 millj. kr.

Eigið fé

32. Heildarhlutafé samkvæmt samþykktum félagsins nam 1.660,0 millj. kr. í árslok 2005. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu. Við samrunann við Fjárfestingafélagið Fylki ehf. eignast Samherji hf. eigin hluti að nafnverði 842,6 millj. kr. en hluthafar í Fjárfestingafélaginu Fylki ehf. fá sem gagngjald hlutabréf í Samherja hf. að nafnverði 54,1 millj. kr. á genginu 13,32. Stjórn félagsins mun í framhaldi af samrunanum hlutast til um að hlutafé í félaginu verði lækkað sbr. ákvæði VIII. kafla hlutafélagalaga nr. 2/1995 og mun slík tillaga verða lögð fram á hluthafafundi þar sem tillaga um staðfestingu samrunans verður lögð fram.

33. Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Hlutafé	Yfirverðs- reikningur	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2005	1.660.000	1.043.178	176.503	8.677.752	11.557.433
Áhrif samruna	(788.509)	136.862	(89.591)	(6.143.735)	(6.884.973)
Arður til hluthafa				(498.000)	(498.000)
Hagnaður ársins				3.103.793	3.103.793
Gengismunur erlendra eigna				(183.935)	(183.935)
Eigið fé 31.12.2005	871.491	1.180.040	86.912	4.955.875	7.094.318

Skuldbindingar

34. Dótturfélög erlendis hafa gert eftirlaunasamninga við fyrrverandi og núverandi starfsmenn og nema áunnin eftirlaunaréttindi 148,5 millj. kr. í lok ársins.

35. Tekjuskattsskuldbinding samstæðunnar nam 2.315,4 millj. kr. í árslok. Breyting skuldbindingarinnar á árinu greinist þannig:

Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun 2005	923.442	919.539
Yfirfært frá dótturfélögum	47.083	(27.434)
Yfirtekið við samruna	774.641	774.641
Tekjuskattur ársins	838.442	724.630
Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2006	(228.814)	(128.709)
Gengismunur ársins og aðrar breytingar	(39.406)	7.533
Tekjuskattsskuldbinding í árslok 2005	2.315.388	2.270.200

Skýringar, frh.:

35. Frh.

Tekjuskattsskuldbinding félagsins skiptist þannig á einstaka liði efnahagsreiknings:

	Samstæða	Móðurfélag
Óefnislegar eignir	1.157.672	1.151.823
Varanlegir rekstrarfjármunir	640.316	501.183
Eignarhlutir í öðrum félögum	644.805	605.474
Aðrir liðir efnahagsreiknings	11.720	11.720
Yfirfæranlegt tap	(139.125)	0
Tekjuskattsskuldbinding í árslok 2005	2.315.388	2.270.200

Langtímaskuldir

36. Langtímaskuldir samstæðunnar greinast þannig eftir gjaldmiðlum og verðtryggingu:

	Samstæða	Móðurfélag
Lán í JPY	657.799	656.511
Lán í USD	1.281.481	1.181.834
Lán í EUR	2.954.344	1.703.588
Lán í CHF	1.072.575	948.304
Lán í GBP	859.640	317.875
Lán í NOK	231.706	231.706
Lán í SEK	388.661	388.661
Lán í RFI	29.231	29.231
Lán í erlendum gjaldmiðlum samtals	7.475.437	5.457.710
Verðtryggð lán	1.098.392	939.721
Langtímaskuldir alls, þar með taldar næsta árs afborganir	8.573.829	6.397.431
Næsta árs afborganir	(1.161.871)	(776.813)
Langtímaskuldir í efnahagsreikningi samtals	7.411.958	5.620.618

37. Afborganir af langtímaskuldum í árslok 2005 greinast þannig á næstu ár:

	Samstæða	Móðurfélag
Árið 2006	1.161.871	776.813
Árið 2007	912.397	648.031
Árið 2008	1.607.288	1.358.608
Árið 2009	497.464	287.197
Árið 2010	489.486	287.197
Síðar	3.905.323	3.039.585
Langtímaskuldir samtals, þar með taldar næsta árs afborganir	8.573.829	6.397.431

Afleiðusamningar

38. Félagið hefur gert gjaldeyrissamninga við lánastofnanir í þeim tilgangi að takmarka vaxta- og gengisáhættu eigna og skulda. Hér er um að ræða samninga sem gerðir eru vegna skuldasamsetningar félagsins. Staða samninganna í árslok er neikvæð um 101,2 millj. kr. og er sú fjárhæð færð til skuldar í efnahagsreikningi.

Félagið hefur gert mynt- og vaxtaskiptasamninga í þeim tilgangi að takmarka gengis- og vaxtaáhættu sína. Færsla vaxta í ársreikningi miðast við samningana og tekið er tillit til þeirra við skiptingu lána eftir myntum í skýringu 36.

Önnur mál

39. Í byrjun árs 2006 keypti UK Fisheries Ltd. í Bretlandi, sem er að 50,0% í eigu dótturfélagsins Onward Fishing Company Ltd., allt hlutfé í útgerðarfyrtækinu J. Marr Seafoods Ltd. fyrir u.þ.b. 15 milljónir sterlingspunda sem svarar til 1.632,8 millj. kr. miðað við gengi í árslok 2005. UK Fisheries Ltd. er samrekstarfyrtæki (joint venture) og er sem slíkt hluti af samstæðureikningi Samherja hf. í hlutfalli við eignaraðildina í félaginu.

Skýringar, frh.:

40. Í janúar árið 2006 keypti Samherji hf. 1,5% eignarhlut í Íslandsbanka hf. (Glitni banka hf.). Um er að ræða eignarhlut að nafnvirði 198,0 millj. kr. sem keyptur var á genginu 18,6 og nam kaupverð eignarhlutarins því samtals 3.682,8 millj. kr. Í mars nýtti Samherji sér heimild til að fá andvirði helmings arðgreiðslu frá félaginu í formi hlutafjár á genginu 18,6 og eignaðist með þeim hætti viðbótarhlut í félaginu að nafnvirði 2,0 millj. kr. fyrir 37,6 millj. kr.
41. Í mars árið 2006 jók Samherji hf. við eignarhlut sinn í hluteildarfélaginu Rífi ehf. með kaupum á 18,6% eignarhlut í félaginu. Eftir kaupin er eignarhlutur Samherja í félaginu 67,6% og er það því dótturfélag frá og með þeim tíma. Ríf ehf. hefur nýlega fjárfest í aflaheimildum og fiskibát fyrir um 250,0 millj. kr.
42. Unnið er að endurfjármögnun á skuldum félagsins við lánastofnanir sem yfirteknar eru með samruna við Fjárfestingafélagið Fylki ehf. Stjórnendur félagsins gera ráð fyrir að á næstu vikum verði tekin ný langtímalán að fjárhæð u.þ.b. 4.500,0 millj. kr. Lánin verði nýtt til greiðslu á skammtímaskuldum við lánastofnanir.

43. Fimm ára yfirlit samstæðunnar í milljónum króna:

Rekstur:	2005	2004	2003	2002	2001
Rekstrartekjur	21.291	16.760	12.377	13.001	13.043
Rekstrargjöld án afskrifta	(17.371)	(14.494)	(10.125)	(10.003)	(9.583)
Hagnaður fyrir afskriftir	3.920	2.266	2.252	2.998	3.460
Afskriftir	(1.459)	(1.380)	(1.144)	(1.244)	(1.026)
Hagnaður fyrir fjármagnsliði	2.461	886	1.108	1.754	2.434
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	1.227	1.140	(394)	410	(1.238)
Áhrif hluteildarféлага	195	1.212	499	109	(74)
Tekjuskattur	(838)	(409)	(199)	(414)	(14)
Hlutdeild minnihluta í afkomu dótturféлага ..	59	85	53	20	0
Hagnaður ársins	<u>3.104</u>	<u>2.914</u>	<u>1.067</u>	<u>1.879</u>	<u>1.108</u>
Efnahagur:					
Fastafjármunir	20.647	20.096	16.028	15.846	11.473
Veltufjármunir	8.041	6.752	6.167	6.143	6.639
Eignir samtals	<u>28.688</u>	<u>26.848</u>	<u>22.195</u>	<u>21.989</u>	<u>18.112</u>
Eigið fé	7.094	11.557	8.974	8.202	6.219
Hlutdeild minnihluta í eigin fé dótturféлага ..	361	286	235	198	
Skuldbindingar	2.464	1.054	785	770	637
Langtímaskuldir	7.412	7.918	7.635	7.548	6.836
Skammtímaskuldir	11.357	6.033	4.566	5.271	4.420
Eigið fé, hlutdeild minnihluta og skuldir samtals	<u>28.688</u>	<u>26.848</u>	<u>22.195</u>	<u>21.989</u>	<u>18.112</u>

44. Helstu kennitölur samstæðunnar:

Veltufé frá rekstri	1.416	1.472	1.542	2.245	3.092
Veltufjárhlutfall	0,7	1,1	1,4	1,2	1,5
Eiginfjárhlutfall	24,7%	43,0%	40,4%	37,3%	34,3%